

# Skóla-akur



Vefrit um skólamálf 13. tbl. 5. árg. 22. sept. 2011

## Mynd augnabliksins er frá Hríseyjarskóla.

Dagur læsis var haldinn hátíðlegur í Hríseyjarskóla. Nemendur skemmtu farþegum ferjunnar með upplestri á ljóðum og smásögum.



## Leikur fyrir lífið í Hofi 1. og 2. september 2011

Norræn leikskólaráðstefna var haldin hér á Akureyri 1.-2. september s.l. Frá árinu 2000 hefur leikskólafólk frá vinabæjunum Akureyri, Álásundi Noregi, Randers í Danmörku og Västerås í Svíþjóð þróað með sér samstarf sem felur m.a. í sér að haldin er árleg ráðstefna og skiptast vinabæirnir á að halda ráðstefnunnar. Árið 2009 kom svo Lahti í Finnlandi inn í samstarfið.

Ráðstefnan var að þessu sinni var haldin í Hofi, menningarhúsi Akureyrar og tókst með miklum ágætum. Hof er alveg frábært hús til að halda svona ráðstefnu. Húsið hentar vel og viðmót og þjónusta starfsfólksins var alveg frábært. Þema eða yfirskrift ráðstefnunnar var Leikur fyrir lífið eða Leg for livet. Tæplega 150 þáttakendur tóku þátt í ráðstefnunni þar af um 120 erlendir gestir. Eins og fyrr segir heppnaðist ráðstefnan vel og var virkilega skemmtileg. Þetta var í ellefta sinn sem ráðstefnan var haldin og í þriðja sinn sem hún er haldin á Akureyri. Það er mikið til sama fólkið sem sækir ráðstefnunnar og stór hópur hefur verið með frá upphafi þótt alltaf bætist ný andlit í hópinn.

Ráðstefnan var mjög fjölbreytt. Boðið var upp á fyrirlestur, fjölbreytt val á vinnusmiðjum og einnig tóku 12 leikskólar á Akureyri þátt í ráðstefnunni með því að bjóða ráðstefnugestum að koma og skoða skólana og fræðast um starfið.

Ráðstefnugestir voru á einu máli hversu mikilvægt það væri að þessir fulltrúar Norðurlandanna kæmu saman og miðluðu af þekkingu sinni og reynslu. Leikskólar í þessum löndum eigi eitthvað sameiginlegt og fólki finnst gott að að finna þennan samhengi sem kemur fram þegar leikskólakennarar frá vinabæjunum koma saman. Þetta styrkir starf fólk og er líka hvatning fyrir fólk að halda áfram starfi sínu.

Næsta ráðstefna verður svo haldin í Lahti í Finnlandi næsta haust.

Undirbúningshópur ráðstefnunnar

Gerður Gísladóttir aðstoðarleikskólastjóri Íðavelli

Hrafnhildur Sigurðardóttir leikskólafulltrúi Skóladeild Akureyrar

Kristlaug Svavarsdóttir leikskólastjóri Íðavelli

Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi Skóladeild Akureyrar

## Dagur íslenskrar náttúru.

Dagur íslenskrar náttúru var haldin hátíðlegur í fyrsta sinn föstudaginn 16. september 2011. Daginn ber upp á fæðingardag Ómars Ragnarssonar. Er það gert í viðurkenningarskyni fyrir framlag Ómars til náttúruverndar og almenningsfræðslu um mikilvægi íslenskrar náttúru. Dagurinn er einnig tileinkaður öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að fræða um íslenska náttúru.

Markmiðið með degi íslenskrar náttúru er að beina sjónum landsmanna að hinni einstöku náttúru landsins og gæðum hennar.

Á leikskólanum Tröllaborgum var vinastundin færð út í náttúruna í tilefni dagsins. Var farið í Giljalund sem mun vera falinn fjársjóður í nágrenni Tröllaborga. Vinastund er haldin einu sinni í viku í tengslum við lífsleiknihugsjón skólans. Þetta er sameiginleg söng- og leikstund þar sem öll börn og kennarar koma saman til að syngja og skemmta sér.

Í Vinastund er sungið fyrir afmælisbörn vikunnar, dansað og dygðatröll deildanna mæta nokkrum sinnum á ári og setja upp leikþætti sem fjalla um dygðir vetrarins.



## Hvað má læra af rannsóknum á skólastarfi ?

Samtök áhugafólks um skólaþróun og Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs við Háskóla Íslands efna til ráðstefnu 18.-19. nóvember. Ráðstefnan verður í húsaábyrgð Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Kynntar verða fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar Starfshættir í grunnskólum 2009-2011 sem er stærsta rannsókn sem gerð hefur verið á grunnskólum hér á landi .

Hér má sjá dagskrá ráðstefnunnar <http://www.skolathroun.is/?pageid=86>

**Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri**

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.

**Markmið blaðsins:** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu koma hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

### Meginmarkmið

#### Náms- og starfsumhverfi.

- Í skólum Akureyrarbæjar ríki virðing, umhyggjusemi, vellíðan og gleði. Með metnaðarfullu skólastarfi sé komið til móts við fjölbreyttar þarfir einstaklingsins.
- Við skóla Akureyrarbæjar sé vistlegt og vel skipulagt umhverfi og aðstaða sem stuðlar að námsáhuga, sköpunargleði, hreyfingu og árangri.
- Skólar Akureyrarbæjar séu eftirsóttir vinnustaðir sem hafa gæði starfsins að leiðarljósi. Starfsfólk njóti tækifæra til að auka við þekkingu sína og starfsþroska.
- Í skólum Akureyrarbæjar sé gagnkvæmt samstarf á milli heimila og skóla sem byggir á trausti og virðingu.
- Skólar Akureyrarbæjar hafi gott samstarf sín á milli og efla samvinnu við aðra skóla, íþrótt- og tómstundafélög, stofnanir og fyrirtæki í bæjarfélaginu.

### „Frá öngli í maga“.

Í byrjun september fóru nemendur í 6. bekk úr skólum Akureyrarbæjar í siglingu með Húna II. „Frá öngli í maga“ er samstarfsverkefni með Skóla-deild Akureyrarbæjar, Háskólans á Akureyri og Hollvina Húna II. Sjávarútvegsfræðingur sýndi nemendum ýmislegt forvitnilegt úr hafinu og fræddust nemendur um lífríkið í sjónum ásamt sögufræðslu um bátinn og ströndina. Rennt var fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Að lokum var aflinn grillaður og smakkaður um borð. Hér má sjá myndir frá ferð 6. UV í Giljaskóla.



### Greinar í Netlu.

#### Skaðleg karlmennska ? Grein um bókina Mannasiðir Gillz.

Ásta Jóhannesdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir lýsa greiningu sinni á bókinni. Niðurstaða þeirra er m.a. að sú karlmenskukuhugmynd sem þar kom fram virðist líkleg til að stuðla að skaðlegri karlmennsku og vinna gegn þróun í jafnréttisátt.

<http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>

#### Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema

Grein Gerðar Bjarnadóttir og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um viðhorf framhaldsskólanema til þess að brjóta upp hefðbundið kynjamunstur. Byggt á spurningalista sem lagður var fyrir 111 nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

<http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/004/004.pdf>

### Safnkennsla í Listagilinu.

Safnkennsla í Listagilinu er nú hafin á ný með áhugaverðum sýningum og skemmtilegum verkefnum. Við teljum mikilvægt að efla starf með börnum með safnkennslu og auknu samstarfi við skólana. Safnkennsla í Listagili gegnir þar mikilvægu hlutverki en tilgangur hennar er að leggja sérstaka áherslu á fjölskyldu- og barnamenningu og uppbyggingu á menningarstarfsemi sem eykur áhuga barna á menningu og listum.

### Heimsókn í Listasafnið á Akureyri

Nú er sýning á Listasafninu sem ber yfirskriftina „HÝSLAR UMBREYTINGARINNAR“ eru það verk listamannsins Gústavs Geirs Bollasonar. Gústav vinnur með umhverfið og náttúruna á sérstakan hátt þar sem glundroði og hrönnun koma við sögu. Verk hans hverfast um tækifærin sem felast í rústum tímarásarinnar. Í verkum hans eru rústir ekki rústir heldur umbreyttar ; ný áferð, nýr veruleiki, hlutir sem fundnir eru á víðavangi fá nýtt hlutverk. Hér er á ferðinni einstaklega áhugaverð sýning sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Í þessari heimsókn verður fjallað um sýninguna og listamanninn en nemendur fá einnig að vinna stutt verkefni sem tengjast þessari sýningu. Sýningin stendur til 16. október.

### Listagilið og saga húsanna

Í þessari heimsókn verður fjallað um húsin í Listagilinu og saga þeirra skoðuð með hjálp gamalla ljósmynda. Húsin í Listagilinu segja okkur áhugaverða sögu sem vert er að skoða nánar. Húsin eru byggð á fyrri helmingi 20. aldar, þau eru reisuleg og stór, byggð til að hýsa stórtæka framleiðslu og stóra drauma.

### Heimsókn Davíðshús

Bóðið er upp á heimsókn í Davíðshús. Hús skáldsins er einstaklega fallegt og áhugavert, þar eru verk eftir listamennina: Jóhannes S. Kjarval, Kristínu Jónsdóttur, Ásgrím Jónsson og marga fleiri. Í þessari heimsókn verður einnig fjallað um skáldið og heimilið hans.

Vinsamlegast pantið tíma með því að senda póst á netfangið [safnkennsla@akureyri.is](mailto:safnkennsla@akureyri.is) eða hringja í síma 8683599.

Vefsíðan okkar er: <http://sites.google.com/site/safnakennsla/>

Undirrituð tekur á mót í hópum frá 8:00 - 16:00 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga en 13:00-16:00 fimmtudaga og föstudaga.

Brynhildur Kristinsdóttir

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 6. október 2011